

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti. Nefndinni bárust auk þess umsagnir um málið.

VII. kafli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða fjallar um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Í 36. gr. laganna er kveðið á um að stjórn lífeyrissjóðs skuli móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best séu boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Tilgangur ákvæðisins er að stuðla að því að lífeyrissjóðir nái sem bestri ávöxtun á fé sjóðfélaga sinna og jafnframt að áhættunni sé dreift á eðlilegan hátt.

Samkvæmt 3. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóði heimilt að fjárfesta fyrir allt að 10% af hreinni eign sjóðs í óskráðum verðbréfum en slíkar fjárfestingar eru þó aðeins heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréfin og ársreikningar hlutafélaganna eru öllum aðgengilegir.

Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er lagt til að við 3. mgr. 36. gr. verði bætt ákvæði þess efnis að í þeim tilvikum er bakábyrgðaraðili lífeyrissjóðs greiðir inn á skuldbindingu sína við sjóðinn með verðbréfum skv. 1. tölul. 1. mgr. (ríkisvixlum, ríkisskuldaþréfum og skuldaþréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs) sem ekki eru skráð á skipulegum markaði þá skuli sjóðnum heimilt að eiga þau bréf, óháð framangreindri takmörkun. Er hér um almenna breytingu að ræða og markmið hennar er að bakábyrgðaraðili lífeyrissjóðs geti greitt í sjóðinn. Tilefnið er einkum kaup ríkissjóðs á hlut Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun.

Ögmundur Jónasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 5. des. 2006.

Pétur H. Blöndal,  
form., frsm.

Jóhanna Sigurðardóttir,  
með fyrirvara.

Dagný Jónsdóttir.

Lúðvík Bergvinsson,  
með fyrirvara.

Birgir Ármannsson.

Ágúst Ólafur Ágústsson,  
með fyrirvara.

Ásta Möller.

Sæunn Stefánsdóttir.